

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 26. apríl 2022
UST202204-051/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 – Íbúðarsvæði – Arnarstaðakot og Skálmholt

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 6. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 fyrir íbúðarsvæði í Arnarstaðakoti, Skálmholti og Glóru.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að sveitarfélagið vill leyfa frekari íbúðaruppbyggingu í dreifbýli sem er breyting frá fyrri stefnu. Skilgreind eru þrjú svæði fyrir íbúðarbyggð þar sem er í dag landbúnaðarland, í landi Arnarstaðakots á 30 ha landi undir 25 lóðir, í landi Skálmholts á 70 ha landi fyrir 65 lóðir og á Glóru á 30 ha landi undir 25 lóðir.

Auk þess kemur fram að skilgreind eru ný markmið þar sem ný íbúðarbyggð verði utan verndarsvæða og verðmæt vegna náttúrufars.

Útbreiðsla verndaðra vistgerða

Umhverfisstofnun tekur undir að jákvætt sé hvað þær vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi eru útbreiddar hér um land eins og kemur fram í greinargerð og mikilvægt sé að auka útbreiðslu þeirra að mati stofnunarinnar.

Á svæðinu eru auk þess vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi og eru mikilvægt búsvæði fugla og svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun Íslands.¹

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni í hvaða mótvægisáðgerðir verði farið vegna rasks á vistgerðum.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan stuðli að verndun vistgerða með hátt verndargildi, auki útbreiðslu þeirra.

Íbúðarbyggð

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>



UMHVERFIS

STOFNUN

Í greinargerð kemur fram að sett verður fram ný stefna sveitarstjórnar þar sem gert verður ráð fyrir nýjum svæðum sem verða allt að 130 ha að stærð.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við val á íbúðarsvæðum verði einnig tekið tillit til umhverfisins og náttúruverndar. Umhverfisstofnun bendir á að þau svæði sem hafa verið valin til íbúðarbyggðar að þessu sinni hafa hátt náttúruverndargildi að því leyti að þau eru á svæðum sem njóta sérstakrar verndar og falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013², eins og hraun og votlendi.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að svæðið er á Þjórsárhrauni sem fellur undir ákvæði 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess segir að við gerð deiliskipulagsáætlana á svæðinu verður hugað að ákvæðum til að vernda sjáanlegan og óraskaðan hluta hraunsins.

Umhverfisstofnun tekur undir að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin í tillögunni og m.a. tekið tillit til jarðmyndana.

Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að ofangreind ákvæði séu sett í markmið og leiðir að markmiðum skipulagstillögunnar.

Vistgerðir og fuglalíf

Í forsendukafla greinargerðarinnar eru taldar upp þær vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun telur það jákvætt að hugað sé að vernd vistgerða með hátt verndargildi í tillögunni.

Í starungsmýravist³ getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

³ <https://www.ni.is/greinar/starungsmravist>